

Greinargerð vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir nýja lóð undir farsímaloftnet í Dalshverfi III.

Strendingur ehf. fyrir hönd Mílu ehf. óskar eftir að fá að setja upp farsímaloftnet á nýrri lóð í Dalshverfi III.

Forsaga

Núverandi farsímaloftnet sem þjónustar Dalshverfi 1 og 2 stendur á lóð við Unnardal 6.


Tilgangur loftnets er að farsímafyrirtæki geti þjónustað viðskiptavini varðandi eðlilega farsímaþjónustu dagsins í dag. Til tryggingar góðrar farsímaþjónustu þarf vegalengd frá sendistað að notendum almennt að vera eigi meiri en 500 metrar.

Hluti byggðar í Dalshverfi 2 er kominn út fyrir þennan 500 metra radíus frá núverandi farsímaloftneti og nýja hverfið, Dalshverfi III er allt utan þessa svæðis.

Í ljósi þessa er óskað eftir að fá að reisa nýtt 16 metra hátt farsímaloftnet á nýrri lóð í Dalshverfi III, austan við skipulagða leikskólalóð sem stendur við Drekadal 4.


Farsímaloftnet á þessum stað mun því ná að þjónusta austasta hluta svæðis í Dalshverfi 2 sem og hugsanlega stækkun íbúðabyggðar austan við Dalshverfi III.

Núverandi skipulag



Drög að nýju skipulagi

Ef jákvæð umsögn fæst við þessari greinagerð verður eins og áður segir óskað eftir deiliskipulagsbreytingu fyrir nýja lóð undir farsímaloftnet. Stærð lóðar 8x8 metrar eða 64m² og stærð byggingarreits 6x6 metrar eða 36m². Mesta hæð loftnets er 16 metrar upp fyrir landhæð. Að öðru leyti yrðu aðrir skilmálar skipulags óbreyttir.



Tekið saman af PP, Strendingur ehf., nóvember 2022